

SAMNINGUR
milli
Framsýnar, stéttarfélags og Þingiðnar
og
Samtaka atvinnulífsins vegna PCC BakkiSilicon hf.

1. gr.

Aðalkjarasamningar Framsýnar, stéttarfélags og Þingiðnar voru framlengdir með kjarasamningum SA og SGS 3. desember 2022 og SA og Samiðnar dags. 12. desember 2022. Kjarasamningarnir gilda frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024. Samningur þessi felur í sér nánara samkomulag um framkvæmd þeirra samninga fyrir félagsfólk Framsýnar og Þingiðnar sem starfar hjá PCC BakkiSilicon hf.

2. gr.

Launabreytingar

Mánaðarlaun fyrir dagvinnu taka þeirri almennu launahækkun sem samið hefur verið um í aðalkjarasamningum SA og Framsýnar / Þingiðnar. Launataxtar launatöflu hækka sérstaklega samkvæmt launatöflu sem fylgir samningi þessum.

Kjaratengdir liðir samnings þessa hækka um 5,0% frá 1. nóvember 2022, nema um annað hafi verið samið.

3. gr.

Viðræður um aðrar kröfur

Með framlengingu aðalkjarasamninga til 31. janúar 2024 er viðræðum um önnur atriði en launalið í kröfugerð aðila frestað. Aðilar eru sammála um að hefja viðræður um aðrar kröfur samkvæmt framlagðri kröfugerð Framsýnar og Þingiðnar eigi síðar en 15. september 2023.

Húsavík, 6. febrúar 2023

F.h. Framsýnar, stéttarfélags
með fyrirvara skv. l. 80/1938


FRAMSÝN
STÉTTARFÉLAG ÞINGEYINGA


F.h. Þingiðnar
með fyrirvara skv. l. 80/1938




F.h. Samtaka atvinnulífsins vegna
PCC BakkiSilicon hf.
með fyrirvara



PCC
BakkiSilicon®

PCC BakkiSilicon hf.
Bakkavegur 2 • 640 Húsavík
Tel.: +354 464 0000 • Fax: +354 464 0099
info@pcc.is • www.pcc.is

Launatafla – gildir frá 1. nóvember 2022

Framleiðslustarfsmenn

	Byrjun	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár
Grunnlaun á mánuði	437.181	463.412	472.155	485.271

Iðnaðarmenn, ráðnir á grundvelli viðurkenndra réttinda til starfa í iðn sinni

	Byrjun	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár
Grunnlaun á mánuði	547.700	580.562	591.516	607.947

Iðnaðarmenn með sveinspróf eða iðnmenntun sem PCC metur sambærilega, ráðnir til starfa í iðn sinni

	Byrjun	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár
Grunnlaun á mánuði	578.500	613.210	624.780	642.135

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf verður á árinu 2023 kr. 230.000

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf verður á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2023 kr. 230.000.

A. A. Bald
Jóhanna Kinn
Jonas Kristjánsson

Handwritten mark

Bókun

Samkvæmt kjarasamningi getur vaktavinna verið skipulögð miðað við 8-12 klst. vaktir. Vaktavinna hjá PCC BakkiSilicon er nú skipulögð miðað við 12 klst. vaktir. PCC BakkiSilicon áformar að taka upp 8 klst. vaktakerfi á árinu sem fellur betur að markmiðum fyrirtækisins að bjóða upp á fjölskylduvænt vinnufyrirkomulag. Markmið fyrirtækisins er að nýtt kerfi geti tekið gildi á tímabilinu 1. júní til 1. október 2023. Þar sem upptaka 8 klst. vaktakerfis felur í sér breytingar á vinnuskyldu þá er samkomulag um að nýtt vinnufyrirkomulag verði tilkynnt vaktavinnufólki með að minnsta kosti tveggja (2) mánaða fyrirvara.

Ad A Bæld

Josin Kristjánsson

Jonas Kristjánsson